

## Skýrsla vallasstjóra 2015

Komið er að vetri á þessu fyrsta starfsári mínu sem vallasstjóri á Öndverðarnesvelli Á sama tíma og það hefur verið krefjandi á köflum að setja sig inn í nýjar aðstæður þá hefur fyrsta árið einkenst af mikilli jákvæðni og velvilja í minn garð af hendi bæði félagsmanna, kylfinga og samstarfsmanna.

Vallasstarfsmenn þetta sumarið voru auk mín Örn Karlsson, Ingvi Rafn Óskarsson, Einar Ásgeir Hoffmann, Ásbjörn Einarsson, Ingbór Birkir Árnason og Björn Andri Bergsson. Allt eru þetta vanir strákar sem unnið hafa við völlinn fyrri ár og voru mér dýrmætir starfskraftar. Að auki fengum við unglingavinnuhópa frá Bláskógabyggð í skamman tíma sem nýttust vel. Sérstakar þakkir vil ég bera Erni fyrir góðar móttökur, frábært samstarf og dýrmæta þekkingu á staðarhátum.

### Framkvæmdir

Þegar ég hóf störf hafði vallarnefnd og starfsmenn klúbbsins þegar hafið mikla vinnu við framræslu og lagningu drenskurða á fyrri hluta seinni 9. Því lá það ljóst að sú vinna myndi halda áfram í vor og nú í haust. Mikil vinna fór í snyrtingar á vellinum. Trjáfellingar, lagfæringar á stígum, hellulögn við 1. teig og þannig mætti lengi telja. Vinnuframlag félagsmanna á vinnudeginum 9. maí telur þar mikið og ber að þakka fyrir. Þá ber einnig að þakka velvilja velunnara klúbbsins sem til að mynda lána okkur vélar eins og t.d. beltgröfu sem okkur eru nauðsynlegar til framkvæmda en eigum ekki sjálfir enn.

### Drenlagnir

Ákveðið var að fara í ákveðna landslagsmótun á umhverfi 12. holu til auðvelda brautinni með að vatna sig. Fengin var jarðýta frá Borgarverki til verksins og tókst aðgerðin vel. Einnig var mótaður vatnsfarvegur milli 13. og 17. brautar sem hefur hjálpað mikið við að þurrka upp 17. braut. Þessi farvegur liggur einnig þvert yfir 10. braut og því var reist myndarleg brú yfir hann framan við teigana á vinnudegi í vor. Þá var stígurinn sem lá meðfram teigunum framlengdur alveg að brúnni og þjónar hann einnig hlutverki drenskurðs á því svæði. Sáð var í sárin í lok maí og kom sáningin mis vel upp til að byrja með en hefur mikið lokað sér á haustmánuðum.

Drenskurðir sem lagðir voru í 10. og 13. braut á síðasta ári sönnuðu gildi sitt og var haldið áfram að leggja drenskurði á 11. braut undir lok starfsárs sem munu auka framræslu helstu leiksvæða á brautinni til muna, alls um 1000 m. af barka.

### 1. flötin

Ný flöt á 1. braut átti augljóslega erfitt með að losa sig við vatn sem safnaðist á fremri hluta flatar, bæði vegna mikils vatns á svæðinu og óæskilegrar uppbyggingar flatar inn í þessar aðstæður. Í vor var svo komið að flötin var alkalín að um helmings hluta og ljóst að golf yrðir ekki leikið á henni nema að til einhverra ráðstafana yrðir gripið. Grófum við þá nýja drenskurði inn í miðja flöt og annan framan við hana til að losa hana við vatn. Það tóks ágætlega og eftir yfirsáningar í júní var hægt að leika inn á hana um mitt sumar. Þá var ákveðið í sumarlok að ráðast í endurmótun á landslagi hægra megin við flötina og aðeins inn í hana með það fyrir augum að beina yfirborðsvatni og drenvatni frá flötinni. Sú aðgerð stendur yfir.



*Drenskurðir í 1. flöt*

## Framhald framkvæmda í vetur

Áfram er unnið að framræslu á blautum svæðum á seinni hluta vallarins og höfum við í haust lagt niður um 1000 m af drenlögnum. Vallarstarfsmenn nutu þar mikillar aðstoðar vinnufúsra sjálfboðaliða sem mættu í vinnu við drenlagnir nú í nóvember. Nýr golfbílástígur hefur verið lagður frá um 100 m framan við 11. flöt að 12. teigum. Hann er grafin niður um 60 – 70 cm og gegnir mikilvægu hlutverki við að leiða vatn úr brautinni og beina golfbílaumferð frá viðkvæmum og blautum svæðum við flötina. Áætlað er að halda áfram með lagningu nýrra stíga þar sem þess er þörf ásamt lagfæringum á eldri stígum.



Meistarar við störf

Þá hefur jarðýta verið við störf á svæðinu framan við teigana á 11. braut og endurmótað skurðinn sem sker leiklínu og stækkað unnið land teigmegin við skurðinn. Þannig leitumst við eftir því að gera upphafshöggið ánægjulegra og geta aukið slegin svæði kringum nýjan vatnsfarveg. Þá verður fyrstu sandgryfjuni á brautinni einnig lokað.

Einnig er ráðgert að loka skurðinum sem þverar brautina um 100 metra frá flötinni. Lögð verða ræsisrör í farveginn og honum lokað með rauðamöl sem áfram leiðir vatn inn í skurðinn.

Ég geri ráð fyrir að framkvæmdatími við 1. flöt klárast eftir að landmótun við flötina og uppfyllingu í tvær sandgryfjur næst henni sé lokið. Vonum við að hún geti þroskast við það umhverfi sem henni hefur þá verið skapað og gæði hennar fari batnandi. Nýr stígur verður lagður að flötinni og eldri stíg frá gamla flatarstæðnu lokað.

## Vélakaup og vélakostur

Vélakaup á árinu voru nokkur. Ákveðið var að festa kaup á svokölluðum spraybíl af gerðinni Smithco Spraystar 1000, fluttur inn notaður og uppgerður frá Bandaríkjunum. Þetta er vinnubíll með áföstum sprejbúnaði til dreyfingar á áburði og efnum og búinn nýrri tölvu sem stýrir flæði og tryggir mjög nákvæma notkun á áburði og efnum. Þetta er því bíll sem er einungis nýttur til áburðargjafar og gerir okkur kleift að sinna áburðargjöf með mun nákvæmari og hagkvæmari hætti en fyrr og er stórt skref í átt að faglegra viðhaldi vallarins. Þetta er lykiltæki í nútíma viðhaldi á golfvöllum. Við bættum einnig smátækjabúnað klúbbsins með kaupum á léttorfi og annarri loftpúðaslátturvél.



Smithco Spraystar 1000

Klúbburinn býr vel að því að forsvarsmenn hafa verið ötullir við að kaupa tæki og tól og hefur verið frábært fyrir mig að taka við taumunum og hafa til þess verkfæri og góða aðstöðu. Þrátt fyrir að tæki klúbbsins séu yfir höfuð mjög góð tæki og í góðu ástandi er áframhaldandi endurnýjun á eldri vélum og viðbætur við góðan vélakost klúbbsins æskileg og nauðsynleg til að tryggja frampróun vallarins og hagkvæmni við framkvæmdir og viðhald vallarins. Það er því mín von og víska að við höldum áfram á þessari braut og verðum áfram leiðandi í aðbúnaði við viðhald golfvalla á Íslandi.

## Lokaorð

Sumarið var okkur vallarstafsmönnum að mörgu leyti gott. Eftir frekar kalt vor kom sumarið í júní og var það hagstætt fram eftir öllu sumri. Það var hlýtt og regluleg væta utan eins þurrkakafla í lok júlí sem minnti rækilega á það að þarft er að huga alvarlega að því að setja niður vökvunarkerfið sem við eigum til og leysa aðgang að nægilegu vatni til að keyra vökvunarkerfið til frambúðar. September var góður veðurfarslega og það skilaði sér í góðri umferð kylfinga. Október tók við með mikilli rigningu. Heildar úrkoma í októbermánuði var 176 mm sem minnti óþægilega á sumarið 2014.

Í vor báru nokkrar flatir enn merki kalvetursins 2013 - 2014 og fór mikil vinna og orka í það að loka sárum í þeim flötum. Það gekk ágætlega og seinni hluta sumars samhliða reglulegri götun, söndun og yfirsáningum varð veruleg framför á þessum flötum. Sem dæmi má nefna að leikskilyrði á 6. flöt bötundu til muna en hún var götuð 5 sinnum og sönduð alls með yfir 10 tonnum af sandi til að bæta vaxtar og leikskilyrði á flötinni.

Enn eru þó miklar kalskemmdir á 14. og 16. braut sem ekki gréru í sumar og gengið verður í að laga þær á komandi sumri.

Á nýju ári munum við vinna áfram að því að bæta veigamestu hluta vallarins líkt og flatir, teiga, stíga, dren og merkingar en það er von mín að með betri skipulagningu og þekkingu á viðhaldi svæðisins getum við eytt meiri orku í litlu smátriðin sem skipta samt öllu máli. Ég hef séð í sumar að við eigum frábæra félagsmenn sem ganga vel um völinn og er annt um klúbbinn sinn og það skiptir gríðarlega miklu máli.

Vallarstjóri